Menningarminjar í Miðdalahreppi, Dalasýslu

Svæðisskráning fornleifa

Óskar Leifur Arnarsson

Fornleifastofnun Íslands ses.

FS396-07183

Reykjavík

2008

© Fornleifastofnun Íslands ses.
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1

1.1. Um fornleifaskráningu 2

1.2. Um svæðisskráningu 4

2. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra 7

2.1.Bæjarhólar og bæjarstæði 10

2.2. Útihús 11

2.3. Tún, garðar og akrar 11

2.4. Kvíar og stekkir 12

2.5. Beitarhús og sel 12

2.6. Engjar og áveitur 13

2.7. Útgerðarminjar og veiðiminjar 13

2.8. Minjar um samkomur og þinghald 13

2.9. Kuml og kirkjugarðar 14

2.10. Samgönguminjar 15

3. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu 15

Heimildaskrá 18

1. Inngangur

Árið 1989 var fornleifaskráning gerð að lögbundinni forsendu skipulagsvinnu. Síðan þá hefur mikið skráningarstarf verið unnið víða um land. Í skrá Fornleifastofnunar Íslands ses. eru nú rúmlega 80.000 fornleifar, sem er líklega um 50% allra minjastaða á landinu.

Fornleifaskráningu hefur miðað þokkalega síðustu ár. Sveitarfélög hafa að mestu borið kostnað af skráningunni, og sjá m.a. kosti þess að eiga tiltækar nákvæmar upplýsingar um legu fornleifa í sínu umdæmi áður en til skipulagsvinnu eða framkvæmda kemur, enda gæti orðið kostnaðarsamt að ráðast í björgunaruppgröft ef tilteknum skikum hefur verið ráðstafað þar sem löghelgar minjar reynast vera. Fornleifaskráningu er víða lokið í þéttbýli, t.a.m. í flestum af stærri kaupstöðunum landsins og nokkrum sveitarfélögum, t.d. í allri Eyjafjarðarsýslu og sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar. Á hinn bóginn hefur fornleifaskráningu lítið miðað í þeim sveitarfélögum sem eru fámenn en landmikil og langtum strjálbýlli nú en var til forna. Þar eru margar minjar og eyðibyggðir, og þar bíður mikil skráningarvinna, en kostnaður á hvern íbúa er langtum hærri en í þéttbýlli sveitum.

Hér á eftir gefur að líta nokkrar niðurstöður og yfirlit svæðisskráningar í Miðdalahreppi í Dalasýslu. Skráningin er liður í stærra verkefni Fornleifastofnunar Íslands sem miðar að því að leita leiða til að styrkja skráningarstarf í fámennum sveitarfélögum sem hafa takmarkað fjárhagslegt svigrúm til verkefna af þessu tagi. Skráningin hlaut m.a. styrk frá Impru og sveitarfélaginu sjálfu en Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólahrepps og Fornleifastofnun Íslands ses. kosta einnig hluta verksins. Alls voru skráðar upplýsingar um 876 fornleifar í hreppnum, á 31 jörð. Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur, annaðist skráningu úr grunnheimildum og sá um öflun ítarefnis og frágang skýrslu. Til grundvallar skýrslu þessari eru lagðar aðrar skýrslur um svæðisskráningu í Dalasýslu eftir Þóru Pétursdóttur og er þar um að ræða staðlað form á svæðisskráningarskýrslu sem Fornleifastofnun Íslands ses. hefur tekið upp.[1]

[1] Þóra Pétursdóttir, 2008a og Þóra Pétursdóttir, 2008b.

1.1. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðin síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar í landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugunum og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um tegundir og hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir vettvangsathugun, en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum þróaði Fornleifastofnun Íslands ásamt öðrum aðferðir við fornleifaskráningu sem fólu í sér að skráningunni var skipt í þrjú afmörkuð stig sem í upphafi voru miðuð við hin þrjú stig skipulagsvinnu; *svæðisskráning* var þá gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, *aðalskráning* fyrir aðalskipulagsgerð og *deiliskráning* fyrir deiliskipulagsgerð. Á undanförnum árum hefur áhersla á svæðisskipulag minkað. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á afmörkuðu svæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á svæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu, og að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felur í sér vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á

afmörkuðu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitastjórnir og stofnanir þeirra,með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa, en fyrst greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Eftirfarandi skilgreiningu er að finna í 9. grein þjóðminjalaga:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldir teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.[2]

Samkvæmt lögum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar, en við skráninguna er þó notast við aðeins víðari skilgreiningu. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru til vitnis um horfið verklag eða

[2] Þjóðminjalög nr.107/2001.

tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hvers kyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins í landinu og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.frv.) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma hins vegar yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar og eða deiliskráningar.

Ýmiskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni rata þó ekki inn í svæðisskráningu fornminja. Þetta eru t.d. heimildir um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er auk þess mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru nærtækar upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritum) er þeim þó safnað saman á stigi svæðisskráningar.

Það er ennfremur skýrt af ofangreindri skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnugreinum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa haldið til. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað þar uppi. Þar sem slíkar sagnir eru til staðar, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistök skráð. Hvað er skráð og hvað ekki er því vitanlega umdeilanlegt.

1.2. Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki er reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar geti leynst undir yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé þannig hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands

á síðustu árum tekið þátt í að þróa aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja, en það er mikilvægt frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annars vegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hins vegar eru óbeinar vísbendingar, svo sem örnefni, sem oft gefa vísbendingar um staðsetningu og hlutverk minja. Heimildir um byggð og búsetu eru einnig mikilvægar, en útfrá yfirliti um staðsetningu og dreifing byggðar má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er því gert yfirlit um sögu byggðar á hverri jörðu, jarðir og jarðatakmörk skilgreind. Helstu heimildir við þessa vinnu eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar á ýmsum stöðum, s.s. í fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í stað vettvangskönnunar (aðalskráningar). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19.öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hins vegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hins vegar gefa góða mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu heimildaflokkar sem nýttir eru við svæðisskráningu eru eftirfarandi:

JARÐABÆKUR: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimild um sögu byggðar á Íslandi. Við svæðisskráningu er þó einnig stuðst við *Jarðatal Johnsens* frá 1847, og er númerun

jarða og minjastaða grundvölluð á því riti. Í þessum ritum má oft finna ítarlegar upplýsingar um búsetu á viðkomandi jörðum, staðhætti, landgæði og hlunnindi. Þau gefa einnig allgóða mynd af dreifingu byggðar á skráningasvæðinu, og með því að bera jarðabækur saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði, s.s. hjáleigur eða eyðibýli og stöku sinnum selstöður og námur eins og mótak eða torfristu.

TÚNAKORT: Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af túnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig eru ritaðar á kortin upplýsingar um stærð túna í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stórt hlutfall þeirra var þýft, og stærð matjurtagarða. Túnakort eru til fyrir alla bæi í Miðdalahreppi og voru þau gerð árið 1919.

ÖRNEFNASKRÁR: Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hins vegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en færðist síðar undir Örnefnastofnun og örnefnasafnið er nú í umsjá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafns. Ekki eru til sérstakar örnefnaskrár fyrir allar þær jarðir sem nefndar eru í jarðatalinu og geta skrár fyrir einstaka jarðir stundum verið hlutar af örnefnaskrám nágrannajarða. Misjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingu þess. Sjaldgæft er þó að fornleifum sé lýst mjög nákvæmlega í þessum skrám og langoftast getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. Örnefnaskrár eru engu að síður stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á, en helstu gallar þeirra er að ekki er hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum. Höfundar þeirra eru auk þess oft of staðkunnugir þannig að lýsingar þeirra verða illskiljanlegar þeim sem ekki eða lítið þekkir til. Þá getur einnig vantað heimildir um örnefni eyðijarða eða þeirra jarða þar sem tíð skipti

ábúenda hafa verið. Fyrir jarðir í Miðdalahreppi er til ríkulegt safn örnefnaskráa, og eru örnefnaskrár af einhverju tagi til fyrir flestar jarðanna og fleiri en ein fyrir sumar þeirra. Þó eru skrár hjáleiga oft felldar undir skrár þeirra jarða sem þær voru byggðar úr.

FORNLEIFASKÝRSLUR: Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenzka fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Bæir í Miðdalahreppi koma nokkuð við sögu í íslenskum fornsögum en umfjöllun um hreppinn eykst mikið í Sturlungu. Af þessum sökum var áhugi manna á svæðinu nokkur. Má þar nefna að í rannsóknarferðum sínum skoðaði Brynjúlfur Jónsson nokkra staði þar og Þorsteinn Erlingsson gróf upp bæjarhús á Erpsstöðum. Þá hefur áhugi manna á að staðsetja staði út frá fornsögunum verið nokkur og í Miðdalahreppi mest í tengslum við þá atburði sem nefndir eru í Sturlungu og þar eiga að hafa gerst.

AÐRAR ÍTARHEIMILDIR: Ýmsar aðrar ítarheimildir eru nýttar við svæðisskráningu fornleifa. Þær heimildir sem iðulega er stuðst við eru *Íslenzkt fornbréfasafn* og *Íslenzk fornrit*, s.s. Landnámabók, Íslendingasögur og Sturlunga. Í Íslenzku fornbréfasafni má finna miklar upplýsingar um jarðir í Miðdalahreppi. Flestar heimildirnar tengjast Daða Guðmundssyni í Snóksdal og handtöku hans á Jóni biskupi Arasyni og sonum hans á Sauðafelli. Eins voru nokkuð ítarlegar úttektir gerðar á eigum Daða eftir dauða hans, þar á meðal byggingum.

Auk þess er farið í gegnum ferðasögur, t.d. ferðabækur Ólafs Olaviusar og Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þá eru þjóðsögur einnig hafðar til hliðsjónar við svæðisskráningu. Að lokum er síðan leitað fanga í öðrum heimildum sem á einhvern hátt tengjast svæðinu sem um ræðir. Hér er t.d. um að ræða ævisögur og átthagarit af ýmsu tagi. Þessi hluti heimildavinnunnar er eðlilega mjög misjafn frá einu svæði til annars bæði hvað umfang og gæði snertir.

2. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Í Miðdalahreppi voru skráðar 876 fornleifar á 31 jörð, sem gerir um 28 minjastað á jörð að meðaltali. Raunverulegur fjöldi skráðra fornleifa á jörð er þó mjög misjafn og

helst í hendur við eðli og stærð jarðanna. Í Miðdalahreppi eru flestar fornleifar skráðar í Neðri-Hundadal, eða 53, en fæstar á hjáleigunni Syðra Skógskoti, sem er í landi Stóraskógs, eða 3 fornleifar.

Við skráningu minja er notast við tvennskonar flokkun. Í fyrsta lagi eru fornleifarnar flokkaðar eftir eðli sínu, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum sé mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið á staðnum, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum, eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráninguna, vegna þess að þær heimildir sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er, eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á meintum minjastað. Þessi flokkun kemur því fyrst verulega að gagni eftir að farið er á vettvang.
Nokkrar helstu tegundir skráðra fornleifa í Miðdalahreppi má sjá í töflunni hér að neðan.

Brunnur	1	Bæjarhóll	31
Gripir	4	Heimild	595
Varða	2	Örnefni	243

Í öðru lagi eru reynt að flokka tegundir fornleifa eftir hlutverki. Til dæmis er tegundin „bæjarhóll“ þannig greind með hlutverkið „bústaður“, heimildir um útihús er e.t.v. hægt að greina frekar í hesthús, fjárhús o.s.frv., varða getur t.d. þjónað hlutverki eyktamarks, samgöngubótar eða landamerkis og örnefni eins og Naustavík vísað á mannvirki með hlutverkið naust. Hið sama á við um greiningu hlutverka og tegunda, þau er oft ekki hægt að ráða af þeim heimildum sem svæðisskráningin byggir á. Við vettvangsathugun er oftast hægt að varpa skýrara ljósi hlutverk forminja, bæði útfrá athugun á gerð fornleifanna og útfrá munnlegum heimildum, þ.e. með aðstoð staðkunnugra heimildamanna.

Nokkur helstu hlutverk skráðra fornleifa í Miðdalahreppi má sjá í töflunni hér að neðan:

Búsetuminjar		**Minjar um jarðrækt**	
Bústaðir	35	Akrar	1
Býli	37	Áveita	15
Eldhús	1	Kálgarðar	23
		Tún	1
Búnaðarminjar innan túns			
Útihús (óskilgreind)	76	**Aðrar minjar**	
Fjárhús	25	Eyktamark	7
Lambhús	2	Landamerki	10
Fjós	15	Leikvöllur	5
Geitakofi	1	Óskilgreint	129
Hesthús	12	Óþekkt	28
Heygryfja	1	Refagildra	2
Heystæði	2	Skotbyrgi	2
Kvíar	40		
Mylla	4	**Kirkjur og legstaðir**	
Skemma	16	Bænhús	6
Smiðjur	6	Kirkjur	6
Túngarðar	19	Legstaðir	14
		Útkirkjur (hálfkirkjur)	2
Búnaðarminjar utan túns			
Beitarhús	1	**Útgerðarminjar**	
Fjárskýli	1	Naust	4
Hellutak	1		
Heygarðar	2	**Samgönguminjar**	
Kolagrafir	2	Áfangastaður (áning)	3
Mógrafir	25	Leiðir	89
Náma (sorta)	1	Traðir	14
Nátthagi	11	Vöð	13
Réttir	7		
Sel	39	**Samkomuminjar**	
Smalakofar	3	Aftökustaðir	1
Stekkir	55	Þingstaðir	4
Tjaldstæði	3		
Torfristur (rista)	20	**(Þjóð)sögustaðir**	
Vörslugarður	2	Draugar	4
Þvottastaður	5	Huldufólksbústaðir	5

		Tröll	8
Aðrar búsetuminjar		Virki	1
Brunnar	9		

2.1.Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar, samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því mikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er hins vegar sá að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steinsteypt hús með niðurgröfnum sökklum eða kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Skemmdir bæjarhólar geta þó engu að síður verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim, enda skýrt í lögum að ekki megi raska þeim. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun. Oftast eru þó til upplýsingar um hvort bæjarhús hafi verið flutt og má ganga útfrá því, að þar sem hús hafa ekki verið flutt séu bæjarhólar meira eða minna raskaðir. Á skráningarsvæðinu má finna dæmi um hjáleigur, kot og forn býli sem hafa lagst í eyði. Eins má finna heimildir fyrir því að bæjarstæði hafi verið flutt af einhverjum ástæðum. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum. Þar geta leynst minjar sem sloppið hafa við framkvæmdir, t.d. túnasléttun og vegagerð, sérstaklega ef viðkomandi staðir eru fjarri bæjum. Slíkir staðir geta einnig haft mikið kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga. Nokkrir slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu og mun þar vera eitthvað um fornleifar sem gætu nýst vel til kynningar á sögu svæðisins. Eins geta þeir gefið mynd af þróun byggðar á svæðinu. Það mun skýrast betur við aðalskráningu.

2.2. Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru peningshús helstu byggingar á hverri jörð. Í Miðdalahreppi eru skráð 76 útihús með ótilgreint hlutverk, en auk þeirra er nokkur fjöldi útihúsa sem hafa tilgreint hlutverk. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Af þeim sem greind voru eftir hlutverki voru flest fyrir sauðfé, 27 byggingar en einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum og fjósum og eitt geitahús. Fjós voru reyndar oft ekki sérstakar byggingar heldur hluti af bæjarhúsunum og má því ætla að fjöldi þeirra hafi oft verið meiri en skráning gefur til kynna.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi peningshús, en þeim hefur fækkað meira síðan en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum en einnig hafa yngri peningshús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við útihús, þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Auk þess má gera ráð fyrir því að einhver landshlutamunur hafi verið á þessu, enda aðstæður ólíkar. Í Miðdalahreppi eru skráðar ein heygryfja, tvö heystæði og tveir heygarðar. Engin hlaða er skráð, en þær voru oft sambyggðar öðrum útihúsum og gætu því hafa fallið undir þá skilgreiningu eða verið hluti af þeim útihúsum sem hafa ótilgreint hlutverk.

2.3. Tún, garðar og akrar

Túngarðar hafa verið byggðir um tún allt frá landnámi. Á seinni öldum virðist hleðslu og viðhaldi túngarða víða talsvert hafa verið ábótavant en á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðshleðslum. Í Miðdalahreppi eru 19 túngarðar skráðir og tveir vörslugarðar. Oft er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að margir séu þeir frá 19. öld. Auk eiginlegra tún- og vörslugarða sem gerðir voru til að hlífa túnum við ágangi búpenings voru víða um land hlaðið talsvert af görðum, til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum eða ágangi sjávar. Á skráningarsvæðinu er enginn slíkur varnargarður skráður. Ekki er ólíklegt að einhverjir garðar til að verjast skriðuföllum leynist á svæðinu, en fáar jarðir eiga land

að sjó í Miðdalahreppi og á engri þeirra er bæjarstæðið niður við sjó og því ólíklegra að sjóvarnargarðar leynist þar. Slíkt kemur þó ekki í ljós nema við vettvangsathugun.

Á undanförnum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir, sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi, er gefa upplýsingar um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borinn á þau. Við yfirferð heimilda hafa ekki fundist mörg dæmi um slíkt, en vera kann að við vettvangsathugun komi slíkar minjar í ljós. Í Miðdalahreppi eru alls skráðir 23 kálgarðar, einn akur og eitt tún (sáðslétta).

2.4. Kvíar og stekkir

Á flestum stöðum landsins lögðust fráfærur af um og upp úr aldamótunum 1900. Heimildir gefa til kynna að í Miðdalahreppi hafi verið fært frá fram undir 1920. Skráðir stekkir á svæðinu eru nokkuð margir eða 55. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar eða tóftir með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið eða við annan enda. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki, sem voru slegnir. Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Í Miðdalahreppi eru skráðar 40 kvíar. Líklegasta ástæðan fyrir því að kvía er ekki getið á öllum jörðum er sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins þrír slíkir eru skráðir en líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel nokkrir á jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og víðsýnt er.

2.5. Beitarhús og sel

Beitarhús voru stundum reist á tóftum gamalla býla og selja svo segja má að hlutverk sumra tóftanna hafi verið margþætt í aldanna rás. Einungis eitt beitarhús er skráð í hreppnum, en aftur á móti eru 39 sel skráð á svæðinu. Þess er sjaldnast getið hve lengi

haft var í seli en seljabúskapur leið víða undir lok snemma á 19. öld. Í Miðdalahreppi virðist seljabúskapur hafa lagst almennt af fyrir miðja 19. öld, en stöku dæmi eru um að haft hafi verið í seli fram undir lok 19. aldar. Frá Fellsenda var haft í seli lengst allra bæja í Suður-Dölum, líklega til 1904. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum, sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Mörg rannsóknarefni eru enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir seljabúskapar.

2.6. Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hverrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrám sést að menn hafa oft leitað langt eftir örlitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt var að veita bæjarlækjum á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Alls voru skráðar 15 áveitur í Miðdalahreppi, en í flestum tilfellum er um að ræða örnefni sem benda til slíkra minja.

2.7. Útgerðarminjar og veiðiminjar

Útgerðarminjar eru mjög fáar í Miðdalahreppi og ræðst það af legu landsvæðisins, þ.e. að lang fæstir bæir eiga land að sjó. Heimildir gefa til kynna að íbúar í Miðdalahreppi hafi m.a. sótt út undir Snæfellsjökul til að róa til fiskjar. Á svæðinu eru heimildir um 4 naust, í landi Hörðubóls, Snóksdals og Harrastaða.

2.8. Minjar um samkomur og þinghald

Þrír þingstaðir eru skráðir í Miðdalahreppi. Á Sauðafelli eru heimildir um tvo staði sem benda til þinghalds, þ.e. Þinghóll eða Þinghólar en þar ofan á á að vera rúst þinghússins og hins vegar eru einnig heimildir fyrir því að þinghúsið hafi staðið þar

sem núverandi íbúðarhús stendur. Þá er talað um að Nesoddi í landi Fremra-Hundadals hafi verið gefinn Miðdalahreppi til að þar yrði reist fundarhús. Elsti og líklega merkilegasti þingstaðurinn í Miðdalahreppi er Leiðarhólmi í landi Stóra-Skógs. Elsta heimild um þinghald þar er í Laxdælu en einnig er hann nefndur í *Íslenzku Fornbréfasafni*. Við fornleifaskráningu hefur hugtakið „þingstaður“ mun víðari merkingu en venjulegt er í máli manna í dag. Til dæmis falla meintir kaupstaðir undir þingstað við fornleifaskráningu, þar sem „kaupstaður“ er ekki skilgreint hlutverk. Það er í raun mjög rökrétt, enda hafa athafnir manna á slíkum stöðum líklega verið mjög fjölbreyttar. Hugtakið „þingstaður“ hefur því mun víðari merkingu í þessu samhengi en við erum vön að gefa því í dag.

2.9. Kuml og kirkjugarðar

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús, en kirkjur og bænhús voru miklu algengari á miðöldum en seinna varð. Í Miðdalahreppi eru skráðar 6 kirkjur, 6 bænhús, 2 útkirkjur (hálfkirkjur) og 14 legstaðir. Sóknir í hreppnum hafa verið tvær, Miðdalaþing eða Snóksdals- og Sauðafellssókn og Kvennabrekkusókn. Sóknarkirkjur voru á samnefndum bæjum en í Miðdalaþingi var messað til helminga í Snóksdal og Sauðafelli. Áðurnefndir kirkjustaðir, Snóksdalur, Sauðafell og Kvennabrekka eru nefndir í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá því um 1200.[3] Kirkjan á Sauðafelli var aflögð árið 1919 og sóknin lögð undir Kvennabrekkukirkju.

Sagnir og munnmæli um legstaði fornmanna er víða að finna og tengjast þær oft á tíðum ákveðnum kennileitum, s.s. hólum. Oft á tíðum eru þessir meintu fornmannahaugar ekki annað en náttúrumyndanir, en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeina- eða gripafundi sem sagan hefur síðan spunnist frá. Af þeim 14 legstöðum sem skráðir eru í hreppnum eru tveir haugar sem tengdir eru við menn úr fornsögum, fjórar dysjar eða grjóthaugar. Í einu tilfelli er aðeins um að ræða örnefni sem bendir til haugs/hauga. Einn staðinn má svo flokkast sem eins konar minningarmark, þar sem steinum var raðað saman á stað þar sem maður lést á seinni hluta 19. aldar.

[3] Kirknaskrá Páls: DI XII, 12

2.10. Samgönguminjar

Talsvert er skráð af samgönguminjum í hreppnum eða 89 leiðir, 14 traðir, 13 vöð og 3 áfangastaðir (áningarstaðir). Auk þess er talsvert af vörðum, en oft er hlutverk þeirra ekki þekkt og kemur jafn vel ekki í ljós fyrr en við aðalskráningu.

Skráðar leiðir í hreppnum eru mjög margar. Flestar liggja þær innan héraðsins, milli bæja eða innan einstakra jarða, en einnig eru nokkrar þjóðleiðir til nágrannabyggða. Má telja ljóst að sá fjöldi leiða sem skráður er innan jarða gefi ekki alveg raunsæja mynd. Margar þeirra hafa sennilega legið milli jarða þótt þess sé ekki getið í heimildum auk þess sem fleiri en eitt örnefni geta átt við einu og sömu leiðina. Það er því líklegt að tala þeirra breytist nokkuð við aðalskráningu.

3. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á, þá eru líkur á að meirihluti fornleifa innan túna á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld og að nú sjáist aðeins brot þeirra rústa sem áður sást til á yfirborði. Það er helst á eyðijörðum og inn til dala á smærri kotbýlum eða hjáleigum sem lítið hefur verið búið á 20. öldinni að ósnertar minjar megi enn greina svo einhverju nemi. Eins ef bæjarstæðið hefur verið fært um stað á einhverjum tímapunkti. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum þar sem tekið er tillit til sýnilegra sem og „ósýnilegra“ minja. Benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar. Flestar fornleifarnar er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftar en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og jafnframt að fagaðilar fylgist vel með því raski sem nauðsynlegt er. Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförnum árum og stafar þeim tóftum sem enn eru sýnilegar því ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Mikill hluti slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt er að fundnar verði leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar. Skógur eyðileggur þó fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja

vegghleðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum. Byggingar sumarbústaða geta valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra, frekar en að þær standi í vegi fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er þess vegna brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum á svæðinu. Það svæði sem hér um ræðir hefur verið byggt frá landnámsöld og er auk þess vettvangur ýmissa atburða bæði í fornsögum okkar og sögu seinni tíma. Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningasvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá.

Þrír friðlýstir staðir eru í Miðdalahreppi: Þessir staðir eru Grettisbæli í Sökkólfsdal í landi Breiðabólstaðar, Grænatóft á Hundadalsnesi í landi Fremri-Hundadals og Púfa í landi Oddsstaða. Sagnir eru um að Grettir Ásmundarson hafi hafst við í Grettisbæli. Grænutóft er tengd bardaga sem háður var á tímum Sturlunga, en þar er sagt að Vatnsfirðingar hafi varist er lið Sturlu Sighvatssonar sótti að þeim í mars árið 1232. Báða þessa staði friðlýsti Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður árið 1931. Eyðibýlið Púfa er nefnt í heimildum frá 14. öld. Kristján Eldjárn friðlýsti staðinn árið 1950, en af ókunnum ástæðum ógilti sýslumaður þá friðlýsingu árið 1990.[4] Samkvæmt heimildum stendur nú sumarbústaður þar og óvíst með ástand minja. Mikilvægt er að ástand þessara staða verði kannað á vettvangi. Þar að auki eru á svæðinu fjöldi annarra staða með mikið rannsóknar- og/eða kynningargildi.

[4] Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.

Það er ljóst að svæðið sem hér um ræðir hefur að geyma menningarsögulegar auðlindir sem sjálfsagt er að reyna að nýta til rannsókna, upplýsingar og kynningar, auk þeirra möguleika sem það hefur upp á að bjóða er varða menningartengda ferðaþjónustu. Forsenda þess er hins vegar sú að minjastaðirnir verði skráðir á vettvangi, svo unnt sé að greina þá og miðla þeim upplýsingum sem tiltækar verða til fólks. Auk þess er mikið magn ritaðra heimilda frá öllum tímum Íslandssögunnar sem tengist svæðinu með beinum og óbeinum hætti sem gefur kost á samtvinnun upplýsinga rit- og efnismenningar.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson (tók saman) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Árbók FÍ:

Þorsteinn Þorsteinsson (1947). *Dalasýsla*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson (1997). *Í fjallhögum milli Mýra og Dala*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Árbók Hins íslenzka fornleifafélags:

Brynjúlfur Jónsson (1894). Grettisbæli í Sökkólfsdal. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1894, bls. 30-31.

Brynjúlfur Jónsson (1899). Rannsóknir í Barðastrandarsýslu sumarið 1898 – Viðaukar 1898. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1899, bls. 15-16.

Brynjúlfur Jónsson (1896). Rannsóknir nokkurra eyðibyggða í Mýrarsýslu sumarið 1895 – II. Sanddalur. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1896, bls. 16-17.

Hannes Þorsteinsson (1923). Rannsóknir og leiðréttingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1923, bls. 44-45.

Jón Jakobsson (1906). Yfirlit yfir muni, selda og gefna Forngripasafni Íslands árið 1905. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1905, bls. 51.

Þórgunnur Snædal (2003). Rúnaristur á Íslandi. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 2000-2001, bls. 26.

Árni Magnússon (1955). *Chorographica Islandica*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Ólafur Lárusson (sá um útg.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Bisk.: *Íslenzk fornrit. Biskupasögur.*

Biskupasögur III. Árna saga biskups. (1998). Guðrún Ása Grímsdóttir (gaf út) Íslenzk fornrit. 17.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Breiðfirðingur:

Flosi Jónsson (1981). Sauðafell. *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 37.-38. árg. 1981, bls. 4-10.

Einar G. Pétursson (2000-2001). Gamlar heimildir um fjallskil í Dölum. *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 58.-59. árg. 2000-2001, bls. 48-83.

Ingvi Jóhannsson (1946). Bærinn á Kvennabrekku. *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 5. árg. 1946, bls. 2-3.

Jón Jónsson (1981). Örnefni í Snóksdals sókn. (úr Safni til sögu Íslands). *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 37.-38. árg. 1981, bls. 48-57.

Jón Samsonarson (1991). Í Snóksdal. *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 49. árg. 1991, bls. 7-59.

Ragnheiður Guðmundsdóttir (1984). Sagnir úr Suðurdölum. *Breiðfirðingur, tímarit Breiðfirðingafélagsins*, 42. árg. 1984, bls. 40-44.

Bruun, Daniel (1928/1987). *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár.* (I. bindi) (Steindór Steindórsson, þýð.). Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

DI: *Diplomatarium Islandicum.*

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. 2. bindi. 1253-1350. (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 3. bindi. 1269-1415. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 4. bindi. 1265-1449. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 5. bindi. 1330-1476. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 6. bindi. 1245-1491. (1900-1904). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 7. bindi. 1170-1505. (1903-1907). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 8. bindi. 1261-1521. (1906-1913). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 9. bindi. 1262-1536. (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 10. bindi. 1169-1542. (1911-1921). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 11. bindi. 1310-1550. (1915-1925). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 12. bindi. 1200-1554. (1923-1932). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 13. bindi. 1555-1562. (1933-1939). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 14. bindi. 1551-1567. (1944-1949). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 15. bindi. 1567-1570 (og síðar). (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.* 2.bindi. (1983). Sveinbjörn Rafnsson (bjó til prentunar). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Einar G. Pétursson (sá um útg.) (2003). *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855. Dalasýsla*. Reykjavík: Sögufélagið og Örnefnastofnun Íslands.

Gunnar F. Guðmundsson (bjó til prent.) (1993). *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn

Haraldur Matthíasson (1982). *Landið og landnáma*. (1. bindi). Örn og Örlygur hf.

ÍF: *Íslensk fornrit*.

Íslendingabók. Landnámabók. Fyrri hluti. (1968). Jakob Benediktsson (gaf út) Íslenzk fornrit. 1.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Eyrbyggja saga. (1935). Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson (gáfu út). Íslenzk fornrit. 4.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Laxdæla saga. (1934). Einar Ól. Sveinsson (gaf út) Íslenzk fornrit. 5.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Vestfirðinga sögur. Fóstbræðra saga. (1943). Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson (gáfu út) Íslenzk fornrit. 6.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Grettis saga Ásmundarsonar. (1936). Guðni Jónsson (gaf út) Íslenzk fornrit. 7.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Vatnsdæla saga. Kormáks saga. (1939). Einar Ól. Sveinsson (gaf út) Íslenzk fornrit. 8.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Kjalnesinga saga. Króka-Refs saga. (1959). Jóhannes Halldórsson (gaf út) Íslenzk fornrit. 14.bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn.

JÁM 1703: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* (6.bindi) (1938). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Þjóðsögur J.Á.: Jón Árnason (safnaði) (1961-1968). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.* I-VI. bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útg.). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

KK: P. E. Kristian Kålund (1887/1985). *Íslenzkir sögustaðir.* II. bindi. Vestfirðingafjórðungur. Haraldur Matthíasson (þýddi). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Kristján Eldjárn (1956/2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* (2. útg.). Í Adolf
Friðriksson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.

Kristján Eldjárn (1956). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* Akureyri: Norðri.

Landmælingar Íslands. Kortaskjár LMÍ -2005. http://atlas.lmi.is/kortaskjar/viewer.htm

Már Jónsson (1998). *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning.

Sturl.: *Sturlunga saga*. 1.-2.bindi. (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (sáu um útg.). Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Þjóðminjalög nr.107/2001.

Þorsteinn Erlingsson (1899). *Ruins of the Saga Time*. London: David Nutt.

Þóra Pétursdóttir (2008). *Menningarminjar í Skarðsstrandarhreppi. Svæðisskráning fornleifa.* FS373-07181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Þóra Pétursdóttir (2008). *Menningarminjar í Skógarstrandarhreppi. Svæðisskráning fornleifa.* FS374-07182. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Óprentaðar heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands:

Jarðadeild. Uppdrættir af túnum 1919. Miðdalahreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnaskrár úr Miðdalahreppi:

Ö-*Afréttarland Kvennabrekku*. Einar G. Pétursson (1972). Örnefnasafn.

Ö-*Breiðabólstaður*. Jón Sumarliðason (safnaði) (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Bær*. höfundur ókunnur [Ari Gíslason?] (án árs) [1966?]. Örnefnasafn.
Ö-*Bær – athugasemdir*. Sigríður Jóhannsdóttir (skráði) (1978). Örnefnasafn.

Ö-*Bær. Frekari athugasemdir*. Sigríður Jóhannsdóttir (skráði) (1979). Örnefnasafn.
Ö-*Bær. Athugasemdir*. Jónína Hafsteinsdóttir (skráði) (1987). Örnefnasafn.
Ö-*Bær II. Athugasemdir og viðbætur*. höf.ókunnur. (á.á.). Örnefnasafn.

Ö-*Erpsstaðir*. Klemens Samúelsson (safnaði) (1944). Örnefnasafn.
Ö-*Erpsstaðir*. Þorsteinn J. Jóhannsson (skráði) (1939). Örnefnasafn.

Ö-*Fellsendi*. Benedikt Jónsson (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Fremri-Hundadalur*. höf.ókunnur [Ari Gíslason?] (án árs) [1966?]. Örnefnasafn.

Ö-*Gröf*. Klemens Samúelsson (safnaði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Hamraendar*. Sigríður Jóhannsdóttir (skráði) (1979). Örnefnasafn.
Ö-*Hamraendar. Athugasemdir*. Guðmundur Baldvinsson (skráði) (1979). Örnefnasafn.
Ö-*Hamraendar*. Símon Sigvaldason (skráði) (1981). Örnefnasafn.
Ö-*Hamraendar*. Þ[orsteinn] J. Jóhannsson (1939). Örnefnasafn.

Ö-*Harðarból*. Flosi Jónsson (skráði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Harrastaðir*. Flosi Jónsson (skráði) (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Háafell*. Einar G. Pétursson (1971). Örnefnasafn.

Ö-*Hlíðartún*. Jón Sumarliðason (skráði) (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Kirkjuskógur*. Sumarliði Jónsson (skráði) (á.á.). Örnefnasafn.

Ö-*Kolsstaðir*. Ólafur Jóhannesson (samdi). Bjarni Sveinsson (lagfærði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Kringla í Miðdölum*. Skarphéðinn Jónsson (1980). Örnefnasafn.

Ö-*Kvennabrekka*. Sumarliði Jónsson (skráði) (á.á.). Örnefnasafn.

Ö-*Miðskógur í Miðdölum*. Sumarliði Jónsson (safnaði) (á.á.). Örnefnasafn.
Ö-*Miðskógur*. Ari Gíslason (skráði) (1966). Örnefnasafn.

Ö-*Neðri-Hundadalur*. Hjörtur Einarsson (skráði) (á.á). Örnefnasafn.
Ö-*Neðri-Hundadalur. Viðbætur*. [Kristján Eldjárn skráði (?)] (1966). Örnefnasafn.

Ö-*Oddsstaðir*. Ólafur Jóhannesson og Pálmi Skarphéðinsson (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Sanddalsafrétt*. Klemens Samúelsson (safnaði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Sauðafell*. Þorsteinn J. Jóhannsson (skráði) (1939). Örnefnasafn.

Ö-*Selland (Sauðafellseign)*. Jón Sumarliðason (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Skallhóll*. Sigríður Jóhannsdóttir (skráði) (1980). Örnefnasafn.

Ö-*Skörð*. Sigríður Jóhannsdóttir (samdi) (1978). Örnefnasafn.
Ö-*Skörð. Athugasemdir*. Sigríður Jóhannsdóttir (skráði) (1978). Örnefnasafn.

Ö-*Snóksdalur og Gilsbakki*. Flosi Jónsson (skráði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Stóriskógur*. Flosi Jónsson (safnaði) (1944). Örnefnasafn.
Ö-*Stóri-Skógur. Svör við spurningar lista Örnefnastofnunar frá 5/4 s.l.* Benedikt Þórarinsson (1979). Örnefnasafn.
Ö-*Stóri-Skógur. Veiðistaðir í Haukadalsá Dalasýslu talið frá Haukadalsvatni að sjó*. Benedikt Þórarinsson (1979). Örnefnasafn.
Ö-*Stóriskógur. Svör við spurningum*. Guðrún S. Magnúsdóttir (1986). Örnefnasafn.

Ö-*Suðurárdalur*. Klemens Samúelsson (skráði) (á.á). Örnefnasafn.

Ö-*Svalbarð, Svínhóll, Oddsstaðir og Kolsstaðir*. Ólafur Jóhannesson (skráði) (á.á.). Örnefnasafn.

Ö-*Svalbarð*. Pálmi Einarsson (1966). Örnefnasafn.

Ö-*Svarfhóll*. Klemens Samúelsson (skráði) (á.á.). Örnefnasafn.
Ö-*Svarfhóll. Svör við spurningum Örnefnastofnunar um Svarfhól*. Benedikt Þórarinsson (1979). Örnefnasafn.

Ö-*Svínhóll*. Ólafur Jóhannesson (á.á.). Örnefnasafn.

Ö-*Þorgeirsstaðahlíð*. Flosi Jónsson (skráði) (1944). Örnefnasafn.

Ö-*Þórólfsstaðir*. Klemens Samúelsson (safnaði) (á.á). Örnefnasafn.